

2. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga

Sveitarstjórn er heimilt að veita styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-, íþróttá-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi og mannúðarstörf. Skyld er sveitarstjórn að setja reglur um beitingu þessa ákvæðis.

Reglur bæjarstjórnar Hafnarfjarðarbæjar um styrki til greiðslu fasteignaskatts til félaga og félagasamtaka

1. gr.

Félög og félagasamtök, sem eru fasteignaeigendur í Hafnarfirði, og í húsnæðinu fer eingöngu fram starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-, íþróttá-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi og mannúðarstörf, eiga þess kost að sækja um styrki til greiðslu fasteignaskatts af viðkomandi fasteign.

Ekki er veittur styrkur til greiðslu þjónustugjalda, svo sem vegna sorphirðu, vatnsnotkunar o.s.frv.

2. gr.

Styrkur til greiðslu fasteignaskatts skal nema allt að álöggðu fasteignaskatti viðkomandi árs.

Sé fasteign jafnfram notuð til annars en en að framan greinir skal styrkur veittur í réttu hlutfalli við slík afnot.

Styrkur skal ekki reiknast vegna þess hluta húsnæðis sem:

- nýttur er til annars en meginstarfsemi félags eða félagasamtaka
- nýttur er undir veitinga- eða verslunarrekstur
- er í útleigu

Styrkur til greiðslu fasteignaskatts af lóð skal reiknast í sama hlutfalli og af húsnæði.

3. gr.

Í janúar ár hvert skal auglýst á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar eftir umsóknum um styrki til greiðslu fasteignaskatts. Sækja skal um styrki til bæjarráðs fyrir lok febrúar skv. ofansögðu á sérstöku eyðublaði á Mínum síðum www.hafnarfjordur.is ásamt þeim fylgigögnum sem kann að verða beðið um hverju sinni. Bæjarráð getur óskað frekari gagna en þar er beðið um, telji ráðið að slíkt kunni að vera nauðsynlegt við mat á umsóknum.

4. gr.

Bæjarráð Hafnarfjarðar í umboði bæjarstjórnar móttækur og afgreiðir umsóknir skv. reglum þessum. Tilkynna skal öllum umsækjendum skriflega um afgreiðslu umsóknar. Veittur styrkur skal færður til lækkunar á fasteignagjöldum umsækjanda.



HAFNARFJÖRÐUR

Bæjarráði er heimilt að fela sviðsstjóra xxxsviðs fullnaðarafgreiðslu mála skv. reglum þessum. Sviðsstjóri xxxsviðs skal vísa álitamálum til bæjarráðs.

5. gr.

Sætti aðili sig ekki við afgreiðslu bæjarráðs á umsókn getur hann óskað eftir endurupptöku máls skv. 24. gr. stjórnáslulaga nr. 37/1993.

6. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar endurskoðar reglur þessar í desember ár hvert ef þurfa þykir.

Reglur þessar, eru settar með heimild í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum og með vísan í 7. gr. í reglugerð um fasteignaskatt nr. 1160/2005.

Samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar xx.xx.201x